

Fundur keppnisráðs í torfæru Haldinn á Messenger miðvikudaginn 25.3.2025 kl 19:30

Fundarritari: Axel Sigurðsson

Mættir: Axel Sigurðsson, Guðbjörn Grímsson, Guðni Jónsson, Valdimar Geir Valdimarsson, Sigurður Ingi Sigurðsson.

Rætt um eftirfarandi mál:

1. Farið yfir hvað hefur gengið á í reglumálum torfærunnar frá síðasta fundi. Erindi barst frá BA á Akureyri vegna nýrra reglna sem ætlun er að koma á fyrir komandi keppnistímabil. BA sendi erindi á stjórn AKÍS, regluráð og keppnisráð. Málið sneri að því hversu seint reglurnar kæmu inn og miklar breytingar. Fundur var hjá BA í gær þar sem að niðurstaðan var að senda inn erindi til allra ofantalda aðila. Farið var fram á að reglur yrðu endurskoðaðar og kynntar fyrir keppendum og keppnishöldurum.
2. Farið var yfir helstu atriði sem liðsmenn BA voru ósáttir við með fulltrúa BA í keppnisráði og reglur útskýrðar. Að fundi loknum voru allir sáttir við stöðuna, einnig fulltrúi BA í keppnisráði.
3. Rætt um hvað keppnisráð gæti gert til að fá aftur stjórn á reglumálum. Rætt um að það besta í stöðunni væri að BA og þeirra liðsmenn dragi til baka kröfur sínar og gefi keppnisráði rými til að klára málið. Fulltrúi BA taldi ólíklegt að það myndi gerast.

Fundi slitið kl 21:30